

LÖG

um

eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Einn skal vera eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum á landinu. Hann hefir að ársláunum 10000 krónur og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni, og enn fremur ferðakostnað, eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar. Ráðherra sá, er bankamál bera undir, veitir embætti þetta.

Laun, uppbót og ferðakostnaður eftirlitsmanns greiðist úr ríkissjóði, en fjárhæðir þessar endurgreiða nefndar peningastofnanir í ríkissjóð í hlutfalli við það fjármagn, er þær hafa í veltu um hver áramót.

2. gr.

Stjórnarráðið ákveður með reglugerð starfsvið eftirlitsmanns og annað, er þurfa þykir. Eftirlitsmaður má ekki hafa önnur embættisstörf á hendi nje reka aðra atvinnu, og ekki má hann vera í stjórn atvinnu- eða verslunar-fyrirtækja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.